

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. október 2021 í máli nr. 14/2021

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 12. febrúar 2021 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á greiðslu sem innt var af hendi til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreið í eigu varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 16. febrúar 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 1. mars 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar og andsvara, afrit af bókunarstaðfestingu vegna leigu á bifreiðinni og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 21. maí 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 19. febrúar 2020 um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 25. mars 2020 til 11. apríl 2020. Í skilmálum leigusamningsins kom fram að ef leiga á bifreið væri afþötuð, þegar sex dagar eða minna væru þar til leigan átti að hefjast, verði leigugjaldið ekki endurgreitt. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins hafi flug sóknaraðila til Íslands verið fellt niður með eins dags fyrirvara. Sóknaraðili hafi því ekki verið fært að ferðast til Íslands samkvæmt áætlun né að nýta sér umsamin afnot af bifreið varnaraðila. Þá hafi sóknaraðili ekki getað afpantað leiguna fyrir þar sem flugið hafi ekki verið fellt niður fyrir en degi fyrir brottför. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu leigugjaldsins að fjárhæð 562,45 evrur, í heild eða hluta, en varnaraðili hefur ekki fallist á þá kröfu.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili telur að um óviðráðanlegar aðstæður hafi verið að ræða og sjónarmið um „force majeure“ eigi að gilda um kröfu sóknaraðila. Af því leiði að ekki sé unnt að líta að öllu leyti til skilmála samningsins, sem mæla fyrir um að leigugjald verði ekki endurgreitt ef afþöntun á sér stað minna en sex dögum þar til leigan á að hefjast. Þá hafi varnaraðili ekki þurft að veita neina þjónustu og bifreiðin hafi ekki verið í notkun á umsömdum tíma. Tekur sóknaraðili fram að hún hafi ekki ákveðið að ferðast ekki til Íslands heldur hafi aðstæður komið í veg fyrir það. Varnaraðili hefur boðið sóknaraðila að færa bókunina innan sex mánaða þar sem sóknaraðili gæti fengið bifreið á leigu hjá varnaraðila á sama tíma. Bendir sóknaraðili á að það hafi ekki

verið möguleiki þar sem takmarkanir vegna COVID-19 hafi enst mun lengur en þann tíma. Í kjölfar þessa boðs segir sóknaraðili að ekki hafi tekist að ná sambandi við varnaraðila þrátt fyrir tölvupósta. Þá hafi starfsmaður annarrar bílaleigu svarað þegar sóknaraðili reyndi að hringja til varnaraðila og boðið sóknaraðila að færa bókunina til ársins 2021. Telur sóknaraðili ólíklegt að það boð verði uppfyllt.

3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum tekur varnaraðili fram að sóknaraðili hafi haft samband þann 17. mars 2020, um sjö dögum áður en leigan átti að hefjast, og óskað eftir upplýsingum um afbókunarskilmála varnaraðila. Kveðst varnaraðili hafa svarað sóknaraðila degi síðar ásamt því að benda sóknaraðila á að unnt sé að breyta bókuninni og nýta fjárhæðina til leigu á bifreið næstu sex mánuði. Varnaraðili bendir á að boðið hafi verið upp á þá breytingu vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

Þann 25. mars 2020 hafi sóknaraðili svo haft samband við varnaraðila og tilkynnt að flugi sóknaraðila hafi verið aflýst. Í kjölfarið hafi sóknaraðili óskað eftir nafnabreytingu á leigusamningnum. Varnaraðili kveðst hafa framkvæmt þá breytingu 25. mars 2020. Sama dag hafi sóknaraðili haft samband og óskað eftir því að nafnabreytingarnar yrðu dregnar til baka. Varnaraðili telur sóknaraðila ekki eiga rétt á endurgreiðslu með vísan til skilmála samningsins um afbókun. Sóknaraðila hafi verið boðið að breyta bókuninni til að nýta síðar en því boði hafi ekki verið svarað. Telur varnaraðili að sóknaraðili eigi því ekki rétt á endurgreiðslu.

IV

Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila þann 19. febrúar árið 2020. Greiddi sóknaraðili alls 562,45 evrur til varnaraðila við staðfestingu bókunarinnar. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 25. mars til 11. apríl árið 2020. Af gögnum málsins verður ráðið að flugferð sóknaraðila til Íslands hafi verið felld niður þann 24. mars árið 2020 og sóknaraðili hafi tilkynnt varnaraðila um það þann 25. mars, sama dag og leigan átti að hefjast. Óskaði sóknaraðili í upphafi eftir því að bókunin yrði færð yfir á nafn einstaklingsins [Z]. Sama dag lét sóknaraðili vita að flugfélagið hafi gefið sóknaraðila eyðublað sem hann gæti fyllt út til að fá greiðsluna fyrir leigu á bifreiðinni endurgreidda. Þá bað sóknaraðili um að bókunin yrði aftur færð á nafn sóknaraðila, sem varnaraðili gerði. Að sögn sóknaraðila hefur sóknaraðili ekki fengið neitt endurgreitt vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreið.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu bifreiðar en með leigusamningi er átt við samning „milli leigusala og leigutaka um leigu á skráningarskyldu ökutæki án öikumans og til afnota gegn gjaldi“, sbr. t. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 7. mgr. 6. gr. laganna ber ökutækjaleigu að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í reglugerð nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra bifreiða. Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar skal ökutækjaleiga sjá til þess að gerður sé leigusamningur um leigu á ökutæki sem undirritaður er af leigutaka og leigusala. Þá ber ökutækjaleigu að kynna leigutaka efni leigusamningsins og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun leigusamningsins, sbr. 2. mgr. 9. gr. Í 5. mgr. 9.

gr. reglugerðarinnar kemur fram að leiguskilmálar skuli prentaðir á bakhlið leigusamnings í það minnsta á íslensku og ensku.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skilmálar varnaraðila hafi verið tilgreindir í leigusamningnum sem gerður var við sóknaraðila, en skilmála varnaraðila er að finna á heimasíðu fyrirtækisins. Mátatilbúnaður sóknaraðila ber þó með sér að sóknaraðila hafi verið kunnugt um skilmálana. Í skilmálum varnaraðila er greint frá möguleika á endurgreiðslu leigugjaldsins við afpöntun. Ákvæðið er svohljóðandi:

If the renter cancels a reservation 30 days or earlier before planned pickup time the rental company will charge a cancellation fee which amounts to 25% of the total rental price.

If the renter cancels 7-29 days before planned pickup time the rental company will charge a cancellation fee which amounts to 50% of the total rental price.

If the renter cancels 0-6 days before planned pickup time or does not show up (no-show) the rental company will charge a cancellation fee which amounts to 100% of the total rental price.

Sóknaraðili afpantaði leiguna sama dag og leigutímabilið átti að hefjast og er leigugjaldið ekki endurgreitt við slíkar aðstæður samkvæmt skilmálum varnaraðila.

Sóknaraðili telur að sjónarmið um „force majeure“ eigi við í málinu sem leiða skuli til þess að litið skuli fram hjá skilmálum samningsins í heild eða að hluta. Með „force majeure“ er átt við ófyrirséðar og óviðráðanlegar aðstæður eða atvik, sem aðilar samnings hafa ekki stjórn á, og koma í veg fyrir að samningsaðilar geti staðið við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í samningnum.

Í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.) er að finna undantekningu frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins má víkja samningi til hliðar í heild eða hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við matið ber, skv. 2. mgr. ákvæðisins, að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Verður að líta til þess hvort ákvæðið geti haft áhrif á kröfu sóknaraðila í málinu með hliðsjón af sjónarmiðum um óviðráðanleg ytri atvik og atvika sem komu til eftir samningsgerðina.

Að mati kærunefndarinnar getur útbreiðsla COVID-19 sjúkdómsins og áhrif hennar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, talist slíkur ófyrirséður og óviðráðanlegur atburður að leyst geti aðila undan samningsskuldbindingum, sbr. 36. gr. sml. Um undantekningu er að ræða frá meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verða því að vera veigamiklar ástæður fyrir því að unnt sé að falla frá samningi af þeim sökum með þeim afleiðingum að samningurinn verði óskuldbindandi. Þá hefur staða samningsaðila einnig áhrif á matið, svo og áhrif þeirra atvika, sem síðar komu til, á stöðu samningsaðila.

Af gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að samningurinn sem slíkur, eða umrætt ákvæði um takmörkun á rétti til endurgreiðslu, hafi eitt og sér verið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. sml. Skylda varnaraðila samkvæmt samningi málsaðila var að veita sóknaraðila þjónustu vegna leigu á bifreið og skylda sóknaraðila var sú að greiða fyrir þjónustuna. Varnaraðili er fyrirtæki í atvinnurekstri en sóknaraðili er neytandi.

Horfa verður til þess að varnaraðili bauð sóknaraðila að nýta sér þjónustuna á öðru tímamarki. Þar með bauð varnaraðili sóknaraðila að nýta sér þjónustuna þegar sú hindrun sem sóknaraðili stóð frammi fyrir væri afstaðin. Sóknaraðili svaraði ekki því boði varnaraðila.

Að virtu öllu framangreindu þá telur kærunefndin ekki skilyrði til að víkja til hliðar meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson